

Alþingi
Erindi nr. P 143/173
komudagur 8.11.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2013

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, sameignarfélag og fyrirtækjaskrá, 132. mál

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, nr. 42/1903, lögum um sameignarfélag, nr. 50/2007, og lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003 (flutningur firmaskrár frá sýslumönnum til fyrirtækjaskrár), 132. mál.


Í framangreindu frumvarpi eru lagðar til breytingar á framangreindum lögum á þá vegu að firmaskrá færist til fyrirtækjaskrár frá sýslumönnum og um leið að firma eins manns, sameignarfélag og samlagsfélag verði héðan í frá skráð hjá fyrirtækjaskrá.

SVÞ hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og gera samtökin ekki athugasemdir hvað það varðar en eins og segir í athugasemdum við frumvarpið er breytingum þessum m.a. ætlað að fela í sér samræmingu á landsvísu og betri þjónustu við atvinnulífið. SVÞ vekja hins vegar athygli á kostnaðarumsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis sem fylgir frumvarpinu þar sem segir m.a. eftirfarandi: „*Áætlað er að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra þurfi að bæta við hjá sér einum starfsmanni til að sinna þeim verkefnum sem flytjast til stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu og að kostnaður vegna þess verði um 7,5 m.kr. á ári. [...]. Gert er ráð fyrir að 3 m.kr. fjárheimild flytjist til stofnunarinnar frá sýslumannsembættum vegna þessa og að viðbótarútgjöld muni því aukast um 3,5 m.kr. þar sem reiknað er með að vinna við verkefnið hjá fyrirtækjaskrá verði nokkuð umfangsmeiri frá því sem nú er. Þessu til viðbótar er reiknað með 9,3 m.kr. einskiptiskostnaði hjá fyrirtækjaskrá vegna skráningar, flokkunar og skömmunar eldri gagna sem færast frá sýslumönnum. Að þessu samanlögðu má því gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs muni aukast um 13,8 m.kr. verði frumvarpið óbreytt að lögum en þar af verði 9,3 m.kr. einskiptiskostnaður. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þessum kostnaði í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2014.*“

Samkvæmt framangreindri umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis felur breyting þessi því í sér kostnað sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 2014. Í ljósi þessa vilja SVÞ ítreka mikilvægi þess að kostnaður þessi verði ekki sóttur til atvinnulífsins heldur ber ríkissjóði að mæta þeim kostnaði. Í því samhengi benda SVÞ á, eins og fram kemur í IV. kafla athugasemda við frumvarpið, þá var ekkert samráð haft við fulltrúa atvinnulífsins varðandi umræddar breytingar og að frumvarpið er að miklu leyti tilkomið vegna vinnu fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra og Sýslumannafélags Íslands. Því má ráða að hagsmunir framangreindra opinberu aðila ráði för hvað þetta frumvarp varðar og því er mikilvægt að ríkissjóður mæti þeim aukna kostnaði sem til fellur vegna þess en ekki atvinnulífið.

Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir við efni framangreinds frumvarps að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur